



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Verklagsreglur íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagðar eru verklagsreglur íbúaráða Reykjavíkurborgar auk viðmiða um samskipti og miðlun milli íbúaráða og umhverfis- og skipulagssviðs. Óskað er eftir að verklagsreglurnar verði lagðar fram til upplýsingar á vettvangi borgarráðs.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Verklagsreglur íbúaráða Reykjavíkurborgar

Verklagsreglur íbúaráða Reykjavíkur

Markmið verklagsreglna

1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja skipulögð og samræmd vinnubrögð og jafnræði í meðferð mála íbúaráða Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar og samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Verklagsreglum þessum er ætlað það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar um vinnulag auk þess að vera vegvísir fulltrúa um starfið innan íbúaráða.

Boðun, fundarsköp og dagskrá funda

2. Formaður íbúaráðs setur saman dagskrá ráðsfundar í samráði við starfsmann íbúaráða. Fulltrúi í íbúaráði sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá fundar skal tilkynna það skriflega fyrir kl. 16 átta dögum fyrir fund. Íbúar geta óskað eftir að mál sé tekið á dagskrá og skal þá senda erindið á netfang viðkomandi ráðs ásamt fylgigögnum.
3. Fundir íbúaráða skulu að jafnaði ekki standa lengur en tvær klukkustundir. Formaður og starfsmaður íbúaráða skulu hafa tímamörkin að leiðarljósi við gerð dagskrár.
4. Fulltrúar í íbúaráðum skulu kynna sér dagskrá sem og öll fundargögn fyrir íbúaráðsfundi.
5. Kynningar gesta sem koma fyrir íbúaráð skulu alla jafna ekki vera lengri en fimmtán til tuttugu mínútur.
6. Á fundum skal formaður tryggja að fundarmenn haldi sig við þann dagskrárlið sem til umræðu er hverju sinni.
7. Við alla ákvarðanatöku skal leitast við að ná samstöðu í íbúaráðum. Komi til atkvæðagreiðslu fer eftir ákvæðum 28. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.
8. Ráðsmenn skulu sitja saman við fundarborð á meðan fundi stendur.
9. Íbúaráð getur enga ályktun gert nema meira en helmingur íbúaráðsfulltrúa sé viðstaddur á fundi.
10. Dagskrá íbúaráðsfunda er birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar viku fyrir fund. Fulltrúar í íbúaráðum skulu leitast við að vekja athygli á fundum íbúaráða innan hverfanna.

Fyrirspurnir, bókanir og tillögur

11. Starfsmaður íbúaráða er tengiliður þess við stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Formleg og óformleg erindi íbúaráða til stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar skal senda á starfsmann íbúaráða með tölvupósti. Vanda skal orðalag og form erinda.
12. Fulltrúar í íbúaráðum eiga rétt á að fá að bóka stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundum eða leggja fram stutta fyrirspurn í

fundargerð um mál sem eru á verksviði ráðsins. Bókanir og fyrirspurnir skulu ekki vera lengri en 200 orð.

13. Bókunum, fyrirspurnum og tillögum sem lagðar eru fram á fundum skal koma til fundarritara á tölvutæku formi og færa til bókar áður en kemur til undirritunar fundargerðar.

Aðkoma íbúa

14. Íbúar geta komið málum á dagskrá funda með því að senda erindi á netfang íbúaráða. Aðsend erindi skulu innihalda heiti erindis, sendanda, viðtakanda, dagsetningu, málavexti og hvers óskað er af íbúaráðinu auk annarra upplýsinga eftir atvikum.
15. Munnlegum erindum íbúa sem borin eru upp á fundum íbúaráða getur íbúi fylgt eftir með því að senda viðkomandi ráði skriflegt erindi á netfang íbúaráðs í samræmi við 14. gr.

Skyldur fulltrúa í íbúaráði

16. Fulltrúum í íbúaráði ber skylda til að taka þátt í öllum fundum nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti á fundinum. Tilkynna skal forföll til starfsmanns íbúaráða með tölvupósti. Tilkynning skal berast eins fljótt og auðið er. Starfsmaður íbúaráða annast boðun varamanna þegar aðalmaður hefur boðað forföll.
17. Forfallist slembivalinn fulltrúi eða aðalmaður íbúasamtaka eða foreldrafélags tekur varamaður viðkomandi sæti á fundinum fyrir hans hönd sbr. 4. gr. samþykktar fyrir íbúaráð. Þ.e. varamenn geta einungis tekið sæti fyrir þá fulltrúa sem þeir eru skipaðir varamenn fyrir. Varamenn fyrir fulltrúa kosna af borgarstjórn taka sæti í samræmi við 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.
18. Fulltrúar í íbúaráðum skulu leitast við að vera í tengslum við hagsmunaaðila í hverfunum varðandi málefni og áskoranir innan þeirra.
19. Íbúaráð eru ábyrg fyrir því að senda tilkynningu til starfsmanns íbúaráða um fulltrúa í bakhópum með nöfnum og netföngum. Breytingar í bakhópum skal tilkynna með sama hætti.

Samstarf íbúaráða og ráða, nefnda og sviða Reykjavíkurborgar

20. Íbúaráð og formenn þeirra skulu ávallt meta hvort ástæða er til að vísa íbúum á ábendingavef borgarinnar þegar um er að ræða ábendingar eða erindi íbúa. Slík tilhögun getur verið skilvirkari og skjótvirkari leið fyrir íbúa til að fá svör.
21. Íbúaráð skulu alla jafna ekki vísa erindum íbúa beint til umsagnar sviða Reykjavíkurborgar, teljist ábending á þar til gerðum vef Reykjavíkurborgar nægjanleg. Sé vilji íbúaráðs að vísa erindi íbúa til umsagnar sviða Reykjavíkurborgar þarf ráðið að gera viðkomandi erindi að sínu og gera um leið grein fyrir afstöðu sinni til þess.

22. Áskoranir, tillögur eða önnur sambærileg mál sem varða stærri framkvæmdir eða ákvarðanir sem íbúaráðin vilja koma á framfæri þurfa að berast viðkomandi ráði eða nefnd Reykjavíkurborgar.

Um verklagsreglur

23. Verklagsreglur þessar skal endurskoða reglulega. Verklagsreglurnar geta tekið breytingum eftir því sem starf íbúaráð mótast.

*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Reykjavík, 13. október 2023*

Viðauki: Viðmið um samskipti og miðlun milli umhverfis- og skipulagssviðs og íbúaráða Reykjavíkurborgar

Viðmið um samskipti og miðlun milli umhverfis- og skipulagssviðs og íbúaráða Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi eru viðmið um samskipti og miðlun milli umhverfis- og skipulagssviðs og íbúaráða. Fyrst og fremst er um að ræða viðmið fyrir báða aðila enda verkefnin fjölbreytt og ólík.

Vert er að benda á nokkrar síður/tól sem nýtast vel varðandi upplýsingaöflun s.s. [Borgarvefsjá](#), [Framkvæmdasjá](#), [skipulag.reykjavik.is](#) og [Ábendingavef](#).

Íbúaráð skulu alla jafna ekki vísa einstökum afmörkuðum erindum íbúa beint til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs á formlegum fundum. Frekar skal beina íbúum á ábendingavef ef það á við. Sé vilji ráðsins að vísa erindi til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs skal ráðið að gera viðkomandi erindi að sínu.

Þegar leitað er álitis eða umsagnar íbúaráðs skal berast eitt formlegt álit/umsögn frá ráðinu. Athygli er vakin á því að íbúaráðin eru níu talsins og funda einu sinni í mánuði. Að því leiðir að tímafrekt getur verið að leggja t.a.m. umsagnarbeiðnir fyrir íbúaráð. Þar að auki eru fundir þeirra boðaðir með viku fyrirvara. Í þeim tilfellum þar sem óskað er viðbragða allra íbúaráða geta því liðið u.þ.b. fimm vikur á milli þess sem starfsmaður íbúaráða tekur á móti bréfi frá umhverfis- og skipulagssviði og viðkomandi bréf er lagt fram á fundum allra íbúaráða.

Áskoranir, tillögur eða annað er varðar stærri framkvæmdir/ákvarðanir sem íbúaráðin vilja koma á framfæri þarf að berast viðkomandi fagraði sem tæki afstöðu til erindisins og vísaði því svo áfram innan Reykjavíkurborgar ef vilji er til.

Ekki er gert ráð fyrir að íbúaráð séu upplýst sérstaklega um samþykktir fagraða með formlegum afgreiðslubrífum enda skulu ráðin og/eða starfsmaður þeirra fylgist með afgreiðslum í fundargerðum fagraða.

Fjárfestinga- og viðhaldsáætlun:

Mars/apríl Útfærsla í mótun um aðkomu íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun.

Umsjón: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds (SFV) (Guðni) og Eignaskrifstofa FÁST (Jón Valgeir).

Skrifstofa borgarlandsins - Vor og vetrarþjónusta

Vor: Kynning á vorþjónustu til íbúaráða. Skipulag hreinsunar gatna- og skipulag sláttar o.fl.

Haut: Kynning á vetrarþjónustu og hreinsun gatna.

Umsjón: Skrifstofa borgarlandsins og/eða starfsmaður íbúaráðs. Kynning gæti falið í sér að skrifstofa borgarlandsins sendi upplýsingar og yfirlit um hvernig er staðið að þjónustunni og starfsmaður íbúaráða kynni t.d. með aðstoð borgarvefsjár. Önnur útfærsla gæti verið að fulltrúi að skrifstofa borgarlandsins kæmi á sameiginlegan fund íbúaráða.

Aðalskipulagsbreytingar

Kynnt á sameiginlegum fundi íbúaráða þegar við á.

Umsjón: deildarstjóri aðalskipulags

Skipulagsfulltrúi - áætlanir – vefsíður og kynningarfundir

Miðla til íbúaráða þegar búnar eru til sérstakar vefsíður um stærstu skipulagsverkefni borgarinnar, sem eru vistaðar á <https://skipulag.reykjavik.is/>, kynningarfundum streymt eða þeir teknir upp.

Deiliskipulag samþykkt:

Hægt að senda spurningar á skipulagsfulltrúa

Deiliskipulag í kynningu:

Íbúaráð viðkomandi hverfis fái sendar upplýsingar sem einn af hagsmunaaðilum.

Alla jafna er ekki gert ráð fyrir sérstökum kynningum á skipulagstillögum í athugasemdaferli á fundum íbúaráða. Starfsmaður íbúaráða getur óskað upplýsinga hjá skipulagsfulltrúa um einstaka skipulagstillögur áður en hún er rædd á formlegum fundi íbúaráðs.

Umsjón: Skipulagsfulltrúi

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds (SFV)

Íbúaráð viðkomandi hverfis verði skilgreind sem hagsmunaaðili vegna upplýsingamiðlunar varðandi stór framkvæmdaverkefni sem oft á tíðum eru unnin með Veitum.

Kynningarefni varðandi umfangsmiklar framkvæmdir í afmörkuðu hverfi, sem unnið er fyrir borgarráð og/eða skipulags- og samgönguráð verði miðlað á vef.

Umsjón: Miðlunarteymi og SFV

Skrifstofa Umhverfisgæða

Úrgangsmál

Umsjón: Skrifstofa umhverfisgæða

Samgöngur og borgarhönnun

Miðla upplýsingum til starfsmanns íbúaráða og eftir atvikum leita eftir umsögnum íbúaráðs þegar unnið er að stefnumótandi verkefnum á sviði samgangna eða borgarhönnunar innan viðkomandi borgarhluta, líkt og gert var fyrir hámarkshraðaáætlun. Það getur t.d. snúið að umferðaröryggisáætlun, gjaldskyldu bílastæða eða umferðarskipulagi. Það sé í höndum íbúaráðs að miðla upplýsingunum áfram til íbúa eða leita álits þeirra, svo sem inn á vefmiðlum íbúaráða (Facebook eða þá miðla sem íbúaráð nýta).

Miðla upplýsingum til starfsmanns íbúaráða og eftir atvikum leita álits eða umsagnar íbúaráða um stærri verkefni á sviði samgangna eða borgarhönnunar sem eru í undirbúningi innan viðkomandi borgarhluta svo sem fyrir stærri stígaverkefni, torg og borgargötur.

Umsjón: Samgöngur og borgarhönnun

Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða

Kynning á USK - Lög reglur, ferlar, samráð við íbúa og kynning á sviðinu á sameiginlegan fund íbúaráða í upphafi kjörtímabils

Umsjón: Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða

*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavík, 13. október 2023*